

Formannafundur haldinn 17. mars 2003 kl.20:00 að Hringbraut 108.

Mættir:

Einar, Kári, Þórður, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney frá aðalstjórn. Hermann (karfa), Klemenzen (sund), Sesselja (badminton) og Ragnheiður (fíml.), Sigursteinn (taekwondo) og Rúnar (knattsp.) boðuðu forföll.

1. Yfirlit um starfsemi deilda og aðalstjórnar.

Hermann (karfa) sagði að það gengi vel í karla- og kvennaflokkum. Fjárhagurinn er búinn að vera erfiður en stefnt að því að skila deildinni réttu megin við núllið þegar tímabilinu líkur. Meistaraflokkar karla og kvenna eru í úrslitum. Unglingaráð stóð fyrir Samkaupsmóti ásamt Njarðvíkingum og komu yfir 600 þátttakendur á mótið sem tókst í alla staði vel. Mjög öflugt unglíngastarf í gangi.

Klemenzen (sund) sagði að fjárhagurinn væri í lagi. Næsta stórmót væri IMÍ sem færi fram í Vestmannaeyjum. Góður andi væri í liðinu og færi stígandi. Gott starf í yngri flokkum. Samstarf við sunddeild Njarvíkur væri gott. Hugmyndir um að skipta um sólarbekk væru en gamli lampinn væri kominn til ára sinna.

Sesselja (badminton) sagði að mikið væri að gera og gengur vel. Tímabilið að verða búið. Fjármál væru í góðum málum en deildin er rekin á styrkjum og æfingargjöldum. Deildin eignaðist Íslandsmeistara er Þorgerður Jóhannsdóttir varð Íslandsmeistari í tvíliðaleik í U-17 ára.

Ragnheiður (fímléikar) sagði að fjármálin eru í góðu lagi. Mikil aðsókn er í deildina. 27 stúlkur eru að fara á Gymnaströdu í Lissabon í sumar. Stúlkurnar munu allar taka þátt í opunaratriðinu sem er mikil viðurkenning fyrir þær. Hugmyndir eru að skipta um þjálfara í sumar. Annars mikill uppgangur í deildinni.

2. Skil á félagatali og skiptingu stjórnar í deildum Keflavíkur 2003.

Einar óskaði eftir því við formenn deilda að þeir skili inn á tölvutækuformi iðkendatali plús félagatali og skiptingu stjórnar eigi síðar en 31. mars 2003.

3. Unglingalandsmót á Ísafirði 2003.

Einar óskaði eftir því við formenn deilda að þeir myndu kynna í sínum deildum unglíngalandsmótið sem fram fer á Ísafirði um verslunarmannahelgina. Einar afhendi formönnum útprentuð gögn af heimasíðu unglíngalandsmótsins og hvatti formenn til fara inn á síðuna og kynna sér nánar hvað væri í boði. Einar sagði frá því að hann hefði talað við Jón Pétur framkvæmdastjóra unglíngalandsmótsins um að hafa badminton en hann hafði sagt að badminton yrði ekki meðal keppnisgreina vegna skorts á húsnæði. Sesselja harmar að ekki skuli keppt í badminton. Félagið tekur undir orð Sesselju og hvetur framkvæmdaaðila unglíngalandsmótsins að endurskoða málið og koma badmintoni á dagskrá unglíngalandsmótsins.

4. Félagsgalli Keflavíkur.

Umræður um sameiginlegan utanyfirgalla fyrir félagið í heild sinni.

Ákveðið að hver deild skipi einn fulltrúa í nefnd sem fer yfir gallamálin. Deildir skili inn nafni fyrir 31. mars 2003. Aðalstjórn skipi einn sem er í forsvari fyrir nefndinni. Fulltrúi aðalstjórnar kallar saman nefndina.

5. Skipting á styrk til deilda Keflavíkur.

Einar sagði frá því að tillagan sem samþykkt var á aðalfundi félagsins í febrúar um 2.000.000 styrk til deilda yrði deilt út miðað við iðkendafjölda og yrði greidd út eftir 31. mars 2003 þegar allar deildir hafa skilað inn iðkendatali. Aðalstjórn félagsins áskilur sér rétt til að kanna sannleiksgildi iðkendatals með að gera stykk prufur. Varðandi þær deildir sem eru í skuld við aðalstjórn verður viðkomandi styrkur skuldajafnaður.

6. Brottfall iðkenda (fyrirlestur).

Einar sagði frá erindi sem barst aðalstjórn frá þjálfara knattspyrnudeildar um styrk til að halda fyrirlestra um brottfall unglinga. Umræður urðu um málið. Ákveðið að vísa málinu aftur til stjórnar.

7. Önnur mál.

Einar kynnti nýtt barmmerki og bindisnælu með merki félagsins. Einnig gjafaöskju sem inniheldur ermahnappa og bindisnælu.

Einar sagði frá að deildir félagsins gætu notað aðstöðuna í kjallaranum, valið sér skáp en það væri verið að fjöga hillum í þeim. Það kemur enn þá vatn inn í kjallarann utan frá svo ekki er hægt að hafa hluti á gólfinu.

Einar sagði frá því að hann hefði átt fund með bæjarstjóranum um bílastæði við Hringbraut 108. Ákveðið að senda bæjarráði erindi um að gera inndregin bílastæði.

Einar sagði frá því að það stæði til að halda námskeið í næsta mánuði fyrir stjórnarfólk deilda en UMFÍ stendur fyrir námskeiðinu.

Einar sagði frá því að ÍSÍ stefndi að því að veita viðurkenningar fyrir handbækur betri deild/betri félag í byrjun næsta mánaðar.

Fleira ekki gert fundi slitið kl:22:20